



cutting through complexity™

Samantekt um hagkvæmni sameiningar

Austur Húnavatnssýsla

Desember 2013



Inngangur	bls.		bls.
■ Um sveitarfélögin	3	■ Hreinlætismál	19
■ Almennar forsendur	4	■ Skipulags- og byggingamál	20
Samantekt	6	■ Umferðar- og samgöngumál	21
■ Hagræðing	7	■ Umhverfismál	22
■ Rekstur og fjárhagur	8	■ Atvinnumál	23
■ Ábendingar	9	■ Sameiginlegur kostnaður	24
Málaflokkar	11	■ Sérstakir sjóðir og stofnanir	25
■ Skatttekjur	12	Fjárhagsstaða – Lykiltölur - samanburður	26
■ Félagsþjónusta	13	■ Eignir í árslok 2012	27
■ Fræðslu- og uppeldismál	14	■ Eiginfjárlutfall í árslok 2012	28
■ Menningarmál	15	■ Skuldahlutfall í árslok 2012	29
■ Æskulýðs- og íþróttamál	16	■ Skuldir og skuldbindingar í árslok 2012	30
■ Brunamál og almannavarnir	17	■ Veltufé frá rekstri árið 2012	31
	18		

- Á sameiginlegum fundi sveitarfélaganna í Austur Húnavatnssýslu, sem haldinn var í Skagabúð þriðjudaginn 30. apríl 2013, var samþykkt að fela framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á svæðinu að útfæra tillögur um vinnulag við úttekt á hagkvæmni sameiningar sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu.
- KPMG var falið, með sérstökum samningi um ráðgjöf dagsettu þann 16. júlí 2013, að vinna að samantekt á fjármálalegum upplýsingum og aðstoð við greiningu og samantekt á stærstu hagræðingarmöguleikum væru sveitarfélögin fjögur í Austur Húnavatnssýslu sameinuð. Fór vinnan fram í samræmi við þann samning á tímabilinu 17. júlí til 1. desember 2013. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna voru helstu tengiliðir sveitarfélaganna við gerð samantektarinnar og verkkaupi var Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í Austur Húnavatnssýslu.
- KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöðu samantektarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.
- Vinnan er byggð á upplýsingum úr reikningsskilum sveitarfélaganna og vinnufundi með framkvæmdastjórum þeirra, auk annarra opinberra upplýsinga svo sem gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og af heimsíðum sveitarfélaganna.
- Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem stuðst er við en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.
- Ekkert í þessari greinargerð ber að túlka sem lögfræðilegt álit eða mat á lögfræðilegum atriðum.
- KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu samantektarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli hennar eða niðurstaðna sem í henni eru, er hjá byggðasamlaginu sem verkkaupa eða öðrum aðilum er að málinu kunna að koma.

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Oddur Gunnar Jónsson

Senior Manager, Reykjavík

KPMG ehf.

ojonsson@kpmg.is

H. Ágúst Jóhannesson

Partner, Reykjavík

KPMG ehf.

ajohannesson@kpmg.is

Tel +354 545 6000

Fax +354 545 6003

Inngangur



Inngangur

Um sveitarfélögin

Austur Húnavatnssýsla

- Austur Húnavatnssýsla er við austanverðan Húnaflóa inn af Húnafirði. Sýslumörk eru við Gljúfurá að vestan en að austan ræður lína frá Skagatá, um Vatnsskarð í Hofsjökul á vatnaskilum. Í Austur Húnavatnssýslu eru tveir þéttbýlisstaðir, Blönduósbær og Sveitarfélagið Skagaströnd (Skagaströnd), og kemur megin hluti þjónustu við íbúa sýslunnar frá þeim tveimur stöðum. Íbúar í Austur Húnavatnssýslu voru þann 1. desember 2012 1.885 talsins.



Þéttbýlið

Blönduósbær:

- Blönduósbær er við ósa Blöndu og stendur byggðin í kvos undir bröttum marbökkum, báðum megin árinna Blöndu. Sveitarfélagið fékk kaupstaðarréttindi þann 4. júlí 1988.
- Íbúar sveitarfélagsins voru 873 samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands þann 1. desember 2012.
- Blönduósbær er að stærstum hluta þéttbýlisstaður og eru þar sveitarstjórnarskrifstofur, leikskóli, grunnskóli, íþróttamannvirki og aðrar fasteignir. Í Blönduósbæ hefur sýslumaður aðsetur og þar er einnig Heilbrigðisstofnunin Blönduósi til húsa er þjónar Húnavatnssýslum.
- Í Blönduósbæ er margs konar matvælaíðnaður og annar léttur iðnaður, svo og verslun og þjónusta við íbúa héraðsins auk ferðamanna.



Sveitarfélagið Skagaströnd:

- Sveitarfélagið Skagaströnd er að meginhluta þorp á vestanverðum Skaga er liggur milli Húnaflóa og Skagafjarðar.
- Íbúar sveitarfélagsins voru 508 samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands þann 1. desember 2012.
- Á Skagaströnd er sveitarstjórnarskrifstofa, leikskóli, grunnskóli, íþróttamannvirki og aðrar fasteignir á vegum sveitarfélagsins. Á vegum Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi er starfrækt heilsugæsla á Skagaströnd.
- Aðalatvinnuvegurinn í sveitarfélaginu er sjávarútvegur og opinber þjónusta.



Dreifbýlið

Húnavatnshreppur:

- Húnavatnshreppur varð til við sameiningu Bólstaðarhlíðarhrepps, Sveinsstaðahrepps, Svínavatnshrepps og Torfalækjarhrepps sem samþykkt var í sameiningarkosningum á árinu 2004. Á árinu 2006 var svo samþykkt í öðrum kosningum sameining við Áshrepp.
- Húnavatnshreppur liggur frá botni Húnaflóa í norðri og inn til Hofsjökuls og Langjökuls í suðri. Í vestri frá sveitarfélagamörkum við sveitarfélagið Húnaþing vestra og í austri við Sveitarfélagið Skagafjörð.
- Íbúar sveitarfélagsins voru 404 samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands þann 1. desember 2012.
- Á Húnavöllum er rekinn grunn- og leikskóli. Þar eru einnig íþróttamannvirki og sveitarstjórnarskrifstofa fyrir Húnavatnshrepp.
- Landbúnaður er aðalvinnugrein sveitarfélagsins.



Skagabyggð:

- Skagabyggð varð til á árinu 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps.
- Sveitarfélagið er á vestanverðum Skaga frá Húnaflóa að mörkum sveitarfélagsins Skagafjarðar í austri. Skagabyggð umlykur Sveitarfélagið Skagaströnd í norðri og suðri og liggja mörk í suðri að Blönduósbæ.
- Íbúar sveitarfélagsins voru 100 samkvæmt skráningu Þjóðskrár Íslands þann 1. desember 2012.
- Íbúar sveitarfélagsins sækja einkum þjónustu til annarra sveitarfélaga en félagsheimilið Skagabúð er í sveitarfélaginu.
- Aðalvinnugrein sveitarfélagsins er landbúnaður.



Inngangur

Almennar forsendur

Atriði	Umfjöllun
Stjórnkerfi	<ul style="list-style-type: none">■ Við samantekt á beinu hagræði í stjórnkerfi er gert ráð fyrir að stjórnkerfi sameinaðs sveitarfélags muni samanstanda af eftirfarandi:<ul style="list-style-type: none">– Bæjarstjórn og byggðaráði– Fjórum fastanefndum– Smærri nefndum sem fyrir eru svo sem hafnarstjórn, fjallskilastjórnir og jafnréttisnefnd
Greining málaflokka	<ul style="list-style-type: none">■ Sett er fram umfjöllun um núverandi stöðu og umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar.■ Tekið er saman beint hagræði sem skapast vegna sameiningar í hverjum málaflokki fyrir sig og metið fjárhæða bil.■ Umfjöllun er í hverjum málaflokki um mögulegt frekara hagræði vegna sameiningar/frekari samvinnu og er það gert m.a. með samanburði við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sent var til sveitarfélaga nú í nóvember 2013.
Samanburðarár	<ul style="list-style-type: none">■ Í samantektinni er stuðst við tölur úr ársreikningum sveitarfélaganna frá árinu 2012. Hafa verður í huga eftirfarandi atriði þegar horft er á það ár til samanburðar:<ul style="list-style-type: none">– Árið 2012 getur hafa verið sérstakt í viðkomandi málaflokki. Reynt hefur verið að rýna hvort svo sé og taka þá tillit til þess í viðkomandi umfjöllun í samantektinni.– Sérstakt framlag var til hitaveitumála á Skagaströnd á árinu 2012 að fjárhæð 180 millj. kr. Í samantektinni er tillit tekið til þeirrar fjárhæðar við skoðun á rekstri sveitarfélaganna.– Hafa ber í huga að atriði innan ársins 2013 geta breytt forsendum. Svo sem að nýverið hefur verið óskað eftir útkomuspám frá sveitarfélögunum, en ekki hefur verið tekið tillit til slíkra upplýsinga.
Samanburður aðrir	<ul style="list-style-type: none">■ Til samanburðar við árið 2012 við vinnslu verkefnisins hafa verið valin tvö önnur sveitarfélög í öðrum landshlutum sem hafa þjónustu, landbúnað og fiskvinnslu sem helstu atvinnuvegi. Þar er um að ræða Dalvíkurbyggð á norðurlandi eystra og Sveitarfélagið Hornafjörður á Austurlandi.
Gjaldskrár	<ul style="list-style-type: none">■ Við sameiningu þarf að samræma gjaldskrár, en við vinnslu verkefnisins er stuðst við að gjaldskrárbreytingar skili samsvarandi tekjum og að um jöfnun innan svæðisins verði að ræða, en ekki lækkun heildartekna á svæðinu.
Þjónustustig	<ul style="list-style-type: none">■ Almennt er miðað við samsvarandi þjónustustig og er til staðar í dag nema annað sé tekið fram.

Samantekt



Atriði	Ábendingar	Nánari umfjöllun
Beint hagræði sameiningar	<ul style="list-style-type: none"> ■ Ætla má að beinn árlegur sparnaður í rekstri vegna sameiningarinnar gæti numið 29 til 41 millj. kr. og er það einkum vegna hagræðingar í yfirstjórn. ■ Árlegar tekjur frá Jöfnunarsjóði gætu aukist um 6 millj. kr. samkvæmt úttekt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðað við árið 2012. ■ Samtals gæti beint fjárhagslegt hagræði sameiningar numið á bilinu 34 til 50 millj. kr. ■ Einnig er möguleiki á viðbótarframlögum frá Jöfnunarsjóði verði sameining samþykkt. 	bls. 12 til 15, 17 og 22
Annað hagræði við sameiningu / samstarf	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hægt er að benda á nokkur atriði sem gætu skapað frekara hagræði sé unnið að þeim málefnum. Þessi atriði gætu eflaust líka komið til við aukna samvinnu sveitarfélaganna án þess að þau sameinist. <ul style="list-style-type: none"> – Öldrunarmál, sjá nánari umfjöllun um félagsþjónustu – Grunnskólar, sjá nánari umfjöllun um fræðslu og uppeldismál – Byggingafulltrúi, sjá nánari umfjöllun um skipulags- og byggingamál – Fasteignarekstur, sjá nánari umfjöllun um sjóði og aðrar stofnanir 	bls. 13 til 14, 19 og 24
Önnur atriði	<ul style="list-style-type: none"> ■ Reynslan af sameiningu sveitarfélaga sýnir að þótt sparnaður verði af rekstri eins málaflokks þá hafa oft orðið kostnaðarhækkanir í öðrum málaflokkum. ■ Mikil samvinna er til staðar á milli sveitarfélaganna í dag og er því ekki talið líklegt að veruleg útgjaldaaukning þurfi að koma til við sameiningu. 	

Atriði	Ábendingar
Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga	<ul style="list-style-type: none"> ■ Með breytingum á sveitarstjórnarlögum á árinu 2011 voru settar sérstakar viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Er þeim skipt í tvennt: <ul style="list-style-type: none"> – Jafnvægisregla rekstrar; Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum þess. – Skuldaregla; Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum þess. ■ Við breytinguna var sveitarfélögum gefinn tíu ára aðlögunartími að framangreindum viðmiðunum og bar að gera sérstaka aðlögunaráætlun til að hámarki 10 ára til að ná því marki, væri því ekki þegar náð.
Jafnvægi rekstrar	<ul style="list-style-type: none"> ■ Samanlögð rekstrarniðurstaða A og B hluta sveitarfélaganna á árinu 2012 var jákvæð um 17 millj. kr., eftir að tekið hefur verið tillit til sérstaks framlags vegna Hitaveitu á Skagaströnd. ■ Sé tekið tillit til beins hagræðis af sameiningu má gera ráð fyrir að rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna geti verið jákvæð á bilinu 46 til 58 millj. kr.
Skuldaviðmið	<ul style="list-style-type: none"> ■ Skuldahlutfall allra sveitarfélaganna í árslok 2012 hefði numið 114,4% ef þau hefðu verið sameinuð þá og er það í kringum landsmeðaltal. Viðmiðunarmörk sveitarstjórnarlaga eru 150% eins og áður sagði. ■ Miðað við samanburðarsveitarfélögin hefði sameinað sveitarfélag verið með hæsta skuldaviðmiðið, en til samanburðar var Dalvíkurbyggð með 96,8% og Hornafjörður með 64,9%.
Peningaleg staða	<ul style="list-style-type: none"> ■ Peningaleg staða samkvæmt ársreikningi 2012 (handbært fé og skammtímakröfur að frádregnum skuldum) var neikvæð um 790 millj. kr., eða sem nemur um 419 þús. kr. pr. íbúa. Landsmeðaltal var neikvætt um tæpar 2 milljónir króna pr. íbúa á sama tíma.

Atriði	Ábendingar
Aðlögunaráætlanir	<ul style="list-style-type: none">■ Blönduósbær var eina sveitarfélagið sem skilaði aðlögunaráætlun til Eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaganna um slíkar áætlanir. Hefur sú áætlun verið samþykkt af eftirlitsnefndinni og er unnið eftir henni á árinu 2013.■ Rekstrarniðurstaða A og B hluta Blönduósbæjar var neikvæð á árinu 2012 um 43,5 millj. kr., en veltufé frá rekstri var jákvætt um 70 millj. kr. Skuldahlutfall sveitarfélagsins var 174,6% í árslok 2012.■ Í áætluninni er gert ráð fyrir að jafnvægisregla Blönduósbæjar verði uppfyllt innan sjö ára og skuldaviðmið verði uppfyllt þegar á árinu 2014. Ein af megin ástæðum fyrir því að sveitarfélagið uppfyllir ekki viðmiðin er samkvæmt áætluninni að á undanförunum 15 árum hefur verið mikið byggt upp og innviðir sveitarfélagsins styrktir. Mannvirki eru tiltölulega ný og viðhaldspörf því lítil, en að sama skapi eru afskriftir háar á nýlegum mannvirkjum og fjármagnskostnaður lána háar vegna lántöku til fjármögnunar framkvæmdanna.
Niðurstaða	<ul style="list-style-type: none">■ Sé litið til rekstrarforsendna í framtíðinni þá teljum við að sameinað sveitarfélag standi vel að vígi í samanburði við önnur landssvæði og hafi góða vaxtarmöguleika. Beint hagræði af sameiningunni er talsvert og styrkir svæðið til að geta annast uppbyggingu þess til framtíðar.■ Teljum við einnig að sameinað sveitarfélag myndi ráða vel við skuldbindingar sýnar.■ Sé litið til fjárfestinga í framtíðinni þá hefur Blönduósbær fjárfest mikið í innviðum sínum sem dregur úr fjárfestingarpörf svæðisins til framtíðar.

Atriði	Ábendingar	Ýtarlegri umfjöllun
Almennt um sameiningar	<ul style="list-style-type: none"> ■ Í samræmi við verksamning okkar er í þessari skýrslu einungis dregið fram hagræði út frá fjárhagslegu sjónarmiði. ■ Er það skoðun okkar að við sameiningu sveitarfélaga almennt þurfi að skapa framtíðarsýn íbúa á svæðinu óháð fjárhagslegum styrk sveitarfélaganna. Er því æskilegt í aðdraganda sameiningar að leita til íbúa og kjörinna fulltrúa eftir atvikum til að slík sýn fái st. 	
Sviðsmyndir	<ul style="list-style-type: none"> ■ Viljum við benda á að æskilegt væri að draga fram sviðsmyndir af framtíðinni með íbúum svæðisins, kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum, fulltrúum atvinnulífs o.s.frv. Er slíkt gert til að greina drifkrafta breytinga og áskoranir í starfsumhverfi á viðkomandi svæði í framtíðinni. Dæmi um þær lykilsurningar sem leiddar væru fram gætu verið eftirfarandi: <ul style="list-style-type: none"> – Hverjar verða skyldur sveitarfélaganna í framtíðinni (skólar, öldrunarmál, málefni fatlaðra, heilsugæsla, önnur nærþjónusta...) og hvernig mun þeim ganga að fylgja þeim eftir. Hvaða öðrum verkefnum gætu sveitarfélögin tekið við í framtíðinni? – Rekstur sveitarfélaga og tekjustofnar til framtíðar (nokkuð fjallað um í þessari skýrslu)? – Hvernig getur aldursamsetning í sveitarfélögunum þróast og staða íbúa/nýbúa? – Hvernig munu skipulagsmál þróast í framtíðinni í sveitarfélögunum? – Þróun atvinnulífs á svæðinu? – Þjónustubörf / íbúafjöldi í sveitarfélögunum – breytt viðmið? ■ Hverju myndu slíkar sviðsmyndagreiningar skila: <ul style="list-style-type: none"> – Auknum skilningi þátttakenda á mögulegum breytingum til framtíðar. – Brúa bil milli ólíkra skoðanahópa. – Stutt samantekt með sviðsmyndum til framtíðar fyrir svæðið fyrir íbúa til ákvörðunartöku í kosningum um sameiningu. Einnig væri slík sviðsmyndavinna gagnleg fyrir svæðið óháð sameiningu. 	

Málaflokkar




Núverandi staða:

- Samsetning skatttekna hjá sveitarfélögunum er um margt ólík. Húnavatnshreppur hefur hlutfallslega mestar tekjur af fasteignaskatti eða sem nemur 23,2% af skatttekjum. Skagabyggð hefur 55,8% af skatttekjum sínum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, á meðan að Blönduós bær og Skagaströnd hafa á bilinu 60-70% af sínum skatttekjum af útsvari. Blönduós bær hefur lægstar tekjur pr. íbúa eða 555 þús. kr. á meðan þær eru hæstar pr. íbúa í Húnavatnshreppi eða 672 þús. kr.
- Öll sveitarfélögin leggja á hámarksútsvar eða 14,48%
- Álagningarhlutföll fasteignaskatts hjá sveitarfélögunum eru ólík sbr. töflu hér með. Húnavatnshreppur er með hæstu mögulega álagningu í C flokki og Skagabyggð með lægri álagning bæði í A og C flokki. Enginn teljandi munur er á álagningu fasteignagjalda milli Blönduós bæjar og Skagastrandar.
- Lóðarleiga er örlítið hærri hjá Blönduós bæ en á Skagaströnd.


Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar

- Samkvæmt úttekt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mun tekjujöfnunarframlag í sameinuðu sveitarfélagi falla út, en það nam á árinu 2012 21,0 millj. kr. Á móti myndi útgjaldajöfnunarframlag hækka um 27,0 millj. kr. Samtals gæti þá árlegur tekjuauki við sameiningu orðið um 6 millj. kr. á ári.
- Við sameiningu þarf að gera ráð fyrir samræmingu álagningarhlutfalla fasteignagjalda milli svæða. Slík samræming kallar alltaf á breytingar milli svæða og flokka. Ætla má að við þá samræmingu yrðu áhrif mest á íbúa Skagabyggðar sem eru í dag með lægstu álagningu á landinu í fasteignagjöldum, en heildarálagning þyrfti vart að breytast sem teljandi væri fyrir sameinað sveitarfélag.

Skipting skatttekna árið 2012 í þús. kr. á íbúa



Skipting skatttekna árið 2012 í þús. kr. á íbúa



Núverandi staða:

- Sameiginlegt byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu Austur Húnavatnssýslu er á vegum sveitarfélaganna fjögurra og annast Sveitarfélagið Skagaströnd umsjón með því sem er eftirfarandi:
 - a. Fjárhagsaðstoð
 - b. Barnaverndarúrræði
 - c. Félagsleg liðveisla
 - d. Málefni fatlaðra sem eru í samstarfi með sveitarfélögum á Norðurlandi vestra og á norðanverðum Tröllaskaga.
 - e. Leiguíbúðir aldraðra í Blönduósbæ og Skagaströnd
 - f. Dvalarheimilið Sæborg


Heildarkostnaður vegna félagsþjónustu í Austur Húnavatnssýslu á árinu 2012 nam um 100 millj. kr. og þar af var um helmingur þeirrar umsýslu á vegum FSAH.

- Hvert sveitarfélag fyrir sig annast greiðslur húsaleigubóta.
- Heimþjónusta og tómstundastarf aldraðra er á vegum hvers sveitarfélags fyrir sig.

Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar

- Gert er ráð fyrir að einni nefnd er sinni félagsmálum í stjórnkerfi nýs sveitarfélags.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum á félagsþjónustu enda vinna sveitarfélögin mikið saman í þessu málaflokki.
- Byggðasamlag um Félags- og skólaþjónustu Austur Húnavatnssýslu yrði lagt niður við sameiningu og má gera ráð fyrir að beint hagræði af því geti numið á bilinu 2 til 3 millj. kr. einkum vegna sparnaðar í aðkeyptri þjónustu og yfirstjórnarkostnaðar vegna auka stjórnsýslueiningar (byggðasamlags).
- Við samanburð á heildarkostnaði sveitarfélaganna fjögurra miðað við gögn frá öðrum sveitarfélögum sem birt eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga er ekki talin ástæða til ábendinga um verulegt annað hagræði af frekari samvinnu eða sameiningu enda vinna sveitarfélögin mikið saman nú þegar. Einna helst væri hægt að skoða frekari samvinnu á sviði öldrunarmála án þess að lagt hafi verið sérstakt mat á það.

Félagsþjónusta árið 2012




Málaflokkar

Fræðslu- og uppeldismál

Núverandi staða:

- Skólaskrifstofa Austur Húnavatnssýslu er starfrækt á vegum FSAH sem er sameiginlegt byggðasamlag allra sveitarfélaganna sjá umfjöllun um félagsþjónustu
- Grunnskólar eru á þremur stöðum: Húnavallaskóli var samkvæmt upplýsingum Sambands sveitarfélaga með 60 nemendur, Blönduskóli með um 128 nemendur og Höfðaskóli með um 98 nemendur árið 2012. Allir skólarnir eru með tíu bekkjardeildir.
- Leikskólar eru þrír: Barnabær í Blönduósbæ með um 65 börn, Barnaból á Skagaströnd með um 35 börn og Vallaból sem er sérstök deild innan Húnavallaskóla með um 10 börn.
- Sameiginlegur tónlistarskóli er starfræktur í sérstöku byggðasamlagi sem öll sveitarfélögin eiga aðild að. Húnavatnshreppur annast umsjón með honum samkvæmt þjónustusamningi milli aðila.
- Öll sveitarfélögin eru aðilar að Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og Farskóla Norðurlands.

Fræðslu og uppeldismál árið 2012



Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar:

- Gert er ráð fyrir einni nefnd er sinni fræðslu- og uppeldismálum í stjórnkerfi nýs sveitarfélags.
- Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur Húnavetninga yrði lagt niður við sameiningu sveitarfélaganna og má gera ráð fyrir að beint hagræði af því geti numið allt að 500 þús. kr. vegna aðkeyprtar þjónustu og annars kostnaðar.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum frekari breytingum á starfsemi skóla við mat á beinum fjárhagslegum áhrifum sameiningar.
- Samkvæmt gögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga um grunnskólakostnað er almennur kennslukostnaður pr. nemanda án húsnæðiskostnaðar hæstur í Húnavallaskóla eða 2,1 millj. kr. á ári enda sá skóli minnsta einingin. Í Blönduskóla og Höfðaskóla er samsvarandi kostnaður um 1,3 millj. kr. Samkvæmt sömu gögnum er meðalkostnaður pr. nemanda í skólum með fjölda nemenda á bilinu 100 til 200 um 1,8 millj. kr.
- Miðað við fjölda nemenda á svæðinu væri hagræði af tveimur grunnskólum á svæðinu í stað þriggja. Sem dæmi væri líklegasti valkostur frekari sameining/samvinna Húnavallaskóla og Blönduskóla en heildarfjöldi nemenda í þeim tveimur skólum er um 190 nemendur eða að meðaltali um 19 nemendur í árgangi. Slík stærðareining telst rekstrarlega hagstæð.
- Miðað við nemendafjölda í árgangi þyrfti ekki að koma til fjölgunar bekkjardeilda með frekari sameiningu/samstarfi skólanna. Sé mismunur kennslukostnaðar pr. nemanda í Húnavallaskóla og Blönduskóla margfaldaður með fjölda nemenda úr Húnavallaskóla gæti hámarkshagræði skapast sem næmi um 48 millj. kr. á ári en miðað við meðaltal á landsvísu væri það um 30 millj. kr.
- Tekið skal skýrt fram að ekki er lagt mat á frekara hagræði en mismunur á meðalkostnaði skóla og að sá mismunur gæti skapað hagræði við frekara samstarf/sameiningu. Ekki er heldur lagt mat á aukinn skólaakstur eða aðra slíka þætti heldur framangreind fjárhæð sett fram til viðmiðunar um mögulegt hagræði af frekari samvinnu/sameiningu.

Málaflokkar

Menningarmál


Núverandi staða:

- Sérstakt byggðasamlag er um menningar og atvinnumál í Austur Húnavatnssýslu sem öll sveitarfélögin eru aðilar að. Byggðasamlagið annast Héraðsskjalasafnið í Blönduósbæ og rekstur Kvinnaskólans á Blönduósi auk þess að skipa í stjórn byggðasafnsins á Reykjum í þessum málaflokki.
- Héraðsbókasafn A-Húnvetninga er rekið af Blönduósbæ með þátttöku annarra sveitarfélaga. Bókasafn er á Skagaströnd og er Skagabyggð þátttakandi í því.
- Nokkur önnur söfn eru á svæðinu svo sem, Hildebrandshús, heimilisiðnaðarsafn o. fl.
- Félagsheimili:
 - Blönduósbæ er rekið sem B hluta starfsemi í einkahlutafélagi
 - Skagaströnd er rekið sem B hluta starfsemi
 - Húnaver sem deild í málaflokki
 - Dalsmynni sem deild í málaflokki
 - Skagabúð sem deild í málaflokki

Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar:

- Ekki er gert ráð fyrir sérstakri menningarnefnd fyrir málaflokkinn heldur verði öðrum nefndum falið það hlutverk.
- Byggðasamlag um menningar og atvinnumál í Austur Húnavatnssýslu yrði lagt niður við sameiningu. Gera má ráð fyrir almennum sparnaði af fækkun stjórnsýslueininga um eina og er hann metinn á allt að 0,5 millj. kr.
- Með sameiningu væri hægt að mynda sterkari tengingar safna á svæðinu sem gæti leitt til betri nýtingar fjármagns. Ekki verður séð af samanburði við meðaltal kostnaðar að um verulegt óbeint fjárhagslegt hagræði sé að ræða, heldur skapist frekar svigrúm til betri nýtingar þess.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á rekstri félagsheimila.
- Áfram er gert ráð fyrir sama aðgangi að styrkjum og framlögum og verið hefur enda stýrist slíkt ekki af stærð sveitarfélags heldur beinni ákvarðanatöku sveitarstjórna á hverjum tíma.

Menningarmál árið 2012



Málaflokkar

Æskulýðs- og íþróttamál


Núverandi staða:

- Íþróttamannvirki:
 - Íþróttamiðstöð Blönduósbæ
 - Íþróttavöllur Blönduósbæ
 - Íþróttahús Skagaströnd
 - Sundlaug Skagaströnd
 - Íþróttavöllur Skagaströnd
 - Íþróttamannvirki á Húnavöllum samrekin með Húnavallaskóla.
- Vinnuskólar eru á Skagaströnd og Blönduósbæ. Samstarf er við Landsvirkjun um vinnuskóla í Húnavatnshreppi.
- Félagsmiðstöðin Skjólíð í Blönduósbæ og Félagsmiðstöðin Undirheimar á Skagaströnd.
- Styrkir til íþróttafélaga eins og almennt gerist hjá sveitarfélögum.

Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar:

- Ekki er gert ráð fyrir sérstakri nefnd fyrir málaflokkinn heldur annarri nefnd falið það hlutverk.
- Ekki gert ráð fyrir neinum grundvallarbreytingum á rekstri þessa málaflokks vegna sameiningar við mat á beinu rekstrarhagræði.
- Ekki verður séð í samanburði við önnur sveitarfélög að frekara hagræði verði af samstarfi/sameiningu stofnana í þessum málaflokki enda íþróttamannvirki þegar til staðar. Einna helst væri möguleiki á betri nýtingu stofnana þessa málaflokks með samþættingu í yfirstjórn og bættri nýtingu fjárfestinga í þessum málaflokki.

Æsku- og íþróttamál árið 2012



Málaflokkar

Brunamál og almannavarnir


Núverandi staða:

- Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu eru í sérstöku byggðasamlagi sem Blönduósbær og Húnavatnshreppur eru aðilar að. Slökkviliðið á Skagaströnd er sjálfstætt og er Skagabyggð þátttakandi í þeim rekstri.
- Austur-Húnavatnssýsla er eitt almannavarnarsvæði.

Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar:

- Ekki er gert ráð fyrir sérstakri nefnd fyrir málaflokkinn heldur verði annarri nefnd falið það hlutverk.
- Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu verður lagt niður við sameiningu. Gera má ráð fyrir um 0,5 millj. kr. sparnaði við fækkun stjórnsýslueininga um eina.
- Ekki er gert ráð fyrir neinum frekari breytingum á starfsemi brunavarna við mat á beinum fjárhagslegum áhrifum.
- Benda verður á frekari samvinnu slökkviliða á svæðinu, en ekki er hægt að gera ráð fyrir verulegu fjárhagslegu hagræði af frekara samstarfi/sameiningu þeirra, heldur væri slíkt til að auka öryggi og þjónustu við íbúa.

Brunamál og almannavarnir árið 2012



Málaflokkar Hreinlætismál


Núverandi staða:

- Öll sveitarfélögin eru aðilar að Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.
- Fráveita á Húnavöllum er starfrækt innan þessa málaflokks, en í Blönduósbæ og á Skagaströnd sem sjálfstæðar B hluta stofnanir.
- Sami verktaki annast þjónustu vegna sormála á öllu svæðinu.

Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar:

- Ekki ert gert ráð fyrir sérstakri nefnd fyrir málaflokkinn heldur verði það hluti af sérstakri nefnd er annist skipulags-, framkvæmda og byggingamál í víðum skilningi.
- Við samanburð við önnur svæði er ekki talið líklegt að um beint fjárhagslegt hagræði verði að ræða með sameiningu heldur myndi samtening svæðisins skapa bættu þjónustu við íbúa fremur en beint fjárhagslegt hagræði, enda sinnir sami verktaki öllu svæðinu.

Hreinlætismál árið 2012



Málaflokkar

Skipulags- og byggingamál


Núverandi staða:

- Í Blönduósarbæ og á Skagaströnd eru skipulags- og byggingamál ásamt eignaumsýslu almennt sjálfstæðari hluti af stjórnkerfi sveitarfélaganna og er m.a. starfandi tæknifræðingur á Skagaströnd. Í Húnavatnshreppi og Skagabyggð er þeim málum sinnt af sveitarstjóra og oddvita.
- Sérstakir samningar eru á svæðinu vegna byggingafulltrúa.
- Allir aðilar hafa samþykkt aðalskipulag frá árinu 2010.

Umfjöllun um mögulegt hagræði og breytingar:

- Gert er ráð fyrir sérstakri nefnd er annist skipulags- og byggingamál í víðum skilningi.
- Ekki er talið neitt beint fjárhagslegt hagræði af sameiningu í þessum málaflokki.
- Við sameiningu gæti skapast grundvöllur til betri nýtingar fjármagns með sérhæfðum aðila sem sinnt gæti störfum byggingarfulltrúa á öllu svæðinu ásamt umsjón með framkvæmdum og eignaumsýslu almennt í stað núverandi fyrirkomulags um aðkeypta þjónustu.

Skipulags- og byggingarmál árið 2012



Málaflokkar

Umferðar- og samgöngumál


Núverandi staða:

- Blönduósbær og Skagaströnd eiga og reka umferðarmannvirki í sínum sveitarfélögum.
- Húnavatnshreppur ber kostnað af götulýsingu á Húnavöllum.

Umfjöllun um hagræði og breytingar:

- Engar breytingar eru fyrirsjáanlegar í þessum málaflokki og ekki lagt neitt sérstakt mat á frekari hagræðingar.

Umferðar- og samgöngumál árið 2012



Málaflokkar

Umhverfismál


Núverandi staða:

- Garðyrkjustjóri er hjá Blönduósbæ.
- Almennur rekstur opinna svæða er hjá öllum aðilum ásamt refa- og minkaeyðingu.

Umfjöllun um hagræði og breytingar:

- Ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum breytingum í þessum málaflokki, en við sameiningu má gera ráð fyrir að þessi málaflokkur fái meira vægi við stækkun svæðisins.

Umhverfismál árið 2012



Málaflokkar

Atvinnumál


Núverandi staða:

- Sérstakt byggðasamlag er um atvinnu- og menningarmál sem öll sveitarfélögin eru aðilar að og annast það sameiginleg atvinnumál svæðisins.
- Farið hefur verið í sérstök átaksverkefni vegna atvinnuuppbyggingar.
- Tjaldsvæði:
 - Blönduósbæ
 - Skagaströnd

Umfjöllun um hagræði og breytingar:

- Gert er ráð fyrir sérstakri atvinnumálanefnd er taki yfir alla atvinnuvegi þ.m.t. landbúnaðarmál.
- Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál verði lagt niður sbr. umfjöllun um menningarmál.
- Gert er áfram ráð fyrir sama aðgangi að styrkjum og framlögum og verið hefur enda stýrist slíkt ekki af stærð sveitarfélags heldur beinni ákvarðanatöku sveitarstjórna á hverjum tíma.

Atvinnumál árið 2012




Málaflokkar

Sameiginlegur kostnaður

Núverandi staða:

- Fjórar sveitarstjórnir með samtals 24 fulltrúum.
- Sveitarstjórnarskrifstofur eru á þremur stöðum, Blönduósbæ, Skagaströnd og Húnavöllum.
- Bæjarráð er í Blönduósbæ.
- Öll sveitarfélögin eru aðilar að Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Sameiginlegur kostnaður árið 2012



Umfjöllun um hagræði og breytingar:

- Gert er ráð fyrir níu fulltrúum í sameinuðu sveitarfélagi. Einnig er gert ráð fyrir byggðaráði. Miðað við meðalkostnað á fulltrúa í sveitarfélögum fjórum og fækkun úr 24 í 9 fulltrúa skapast hagræði sem nemur á bilinu 11 til 12 millj. kr.
- Gert er ráð fyrir einni skrifstofueiningu er annist alla almenna stjórnarsýslu sameinaðs sveitarfélags þ.m.t. umsýslu fjármuna, bókhald og almennt eftirlit með rekstri sveitarfélagsins.
- Gert væri ráð fyrir einum sveitarstjóra og almennu skrifstofuhaldi hjá samsvarandi sveitarfélagi.
- Við sameiningu sveitarfélaganna yrði til meiri sérhæfing í almennu skrifstofuhaldi, betri nýting búnaðar svo sem hugbúnaðar. Hagræði myndi skapast við bókhald og aðkeypta þjónustu.
- Við samanburð á gögnum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á skrifstofukostnaði í samsvarandi sveitarfélögum og núverandi kostnaði sveitarfélaganna fjögurra má gera ráð fyrir að hægt sé að hagræða um á bilinu 15 til 25 millj. kr.
- Sameinað sveitarfélag yrði aðili að SSSNV.

Málaflokkar

Sérstakir sjóðir og stofnanir

Eignasjóður og þjónustumiðstöð:

- Helstu mannvirki eignasjóðs flokkast þannig:
 - Grunnskólar; Blönduskóli, Höfðaskóli og Húnavallaskóli.
 - Leikskólar; Blönduósbæ, Skagaströnd og Húnavöllum.
 - Íþróttamannvirki; Blönduósbæ, Skagaströnd og í Húnavallaskóla
 - Skrifstofuhúsnæði; Hnjúkabyggð 33, Blönduósbæ og Túnbraut 1-3, Skagaströnd.
 - Gatnakerfi; einkum í Blönduósbæ og á Skagaströnd.
 - Annað húsnæði.
- Þjónustumiðstöðvar eru í Blönduósbæ, rekin af Blönduveitum sem hluti af B hluta stofnun, og á Skagaströnd er áhaldahús innan A hluta.

Rekstur íbúða og annarra eigna í B hluta

- Í Blönduósbæ eru 34 félagslegar íbúðir í sjálfstæðri B hluta stofnun og 30 íbúðir á Skagaströnd í sjálfstæðri B hluta stofnun.
- Félagsheimilið ehf. í Blönduósbæ á og rekur félagsheimili þar. Sérstök B hluta stofnun er um félagsheimili á Skagaströnd.
- Sérstök félög eru í B hluta hjá Húnavatnshreppi með mjög lita starfsemi. Auðkúluheiði ehf. og Fasteignir Húnavatnshrepps ehf.

Veitur:

- Vatnsveitur eru sem sjálfstæðar B hluta stofnanir í Blönduósbæ og á Skagaströnd.
- Fráveitur eru sjálfstæðar stofnanir í Blönduósbæ og á Skagaströnd.

Hafnarsjóðir:

- Hafnarsjóðir eru í Blönduósbæ og á Skagaströnd sem gert er ráð fyrir að starfi í óbreyttri mynd með sameiginlegri hafnarstjórn.

Umfjöllun um sjóði og stofnanir:

- Ekki verður séð neitt beint hagræði af sameiningu sem ekki væri hægt að ná fram með frekari samvinnu/samstarfi.
- Í mannvirkjarekstri er mjög oft hægt að ná fram hagræði af frekari samvinnu/samstarfi. Mjög erfitt er að meta slíkt fjárhagslega og er ekki gert hér, en benda verður á að líkur séu til að sameining stofnana á svæðinu sem sinna samsvarandi hlutum gætu skilað fjárhagslegum ávinningi.

Fjárhagsstaða

Lykiltölur - samanburður

Helstu tölur úr ársreikningum og samanburður milli sveitarfélaga



Lykiltölur

Eignir í árslok 2012

Blönduósbær:

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru 87,7% af heildareignum sveitarfélagsins og nema um 2,0 millj. kr. pr. íbúa.
- Veltufjárhluftall er 0,39

Húnavatnshreppur:

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru 60,0% af heildareignum sveitarfélagsins eða sem nemur um 1,2 millj. kr. pr. íbúa.
- Veltufjárhluftall er 3,87

Skagabyggð:

- Veltufjármunir eru 78,6% af heildareignum sveitarfélagsins eða sem nemur um 1,2 millj. kr. pr. íbúa.
- Veltufjárhluftall er 19,88.


Skagaströnd:

- Veltufjármunir eru 45,0% af heildareignum sveitarfélagsins eða sem nemur um 3,1 millj. kr. pr. íbúa.
- Veltufjárhluftall er 9,08.

Sameinað sveitarfélag samanburður við aðra:


- Mun hærra hlutfall eigna sameinaðs sveitarfélags í árslok er í veltufjármunum eða sem nemur um 25% af heildareignum, en er 7,5% hjá Dalvíkurbyggð og 10,2% hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.

Eignir pr. íbúa árið 2012



■ Varanlegir rekstrarfjármunir ■ Áhættufjármunir og langtímakröfur ■ Veltufjármunir

Eignir pr. íbúa árið 2012



■ Varanlegir rekstrarfjármunir ■ Áhættufjármunir og langtímakröfur ■ Veltufjármunir

Lykiltölur

Eiginfjárlutfall í árslok 2012

Blönduósbær:

- Eiginfjárlutfall Blönduósbæjar er lægst allra samanburðarsveitarfélaganna eða sem nemur 33,2% í A og B hluta og 47,6% í A hluta.

Húnavatnshreppur:

- Eiginfjárlutfall Húnavatnshrepps er 69% í A og B hluta og 70,6% í A hluta og er það örlítið hærra en samanburðarsveitarfélaganna.

Skagabyggð:

- Hæsta eiginfjárlutfallið er í Skagabyggð eða sem nemur 96% og verður vart hærra.


Skagaströnd:

- Eiginfjárlutfall Sveitarfélagsins Skagastrandar er 71,4% í A og B hluta og 82,7% í A hluta og er það örlítið hærra en samanburðarsveitarfélaganna.


Sameinað sveitarfélag í samanburði við önnur:

- Sameinað sveitarfélag væri með lægsta eiginfjárlutfallið miðað við samanburðarsveitarfélögin eða 54,7%.

Eiginfjárlutfall



Eiginfjárlutfall



Lykiltölur

Skuldahlutfall í árslok 2012

Blönduósbær:

- Skuldahlutfall Blönduósbæjar er 174,6% en sérstakt skuldaviðmið sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga styðst við er 159,7%. Viðmiðunarmörk Eftirlitsnefndar er 150%, en sveitarfélagið hefur uppfyllt skilyrði sveitarstjórnalaga um 10 ára áætlun um niðurgreiðslu skuldanna.

Húnavatnshreppur:

- Skuldahlutfall Húnavatnshrepps er 45,6% sem er vel innan viðmiðunarmarka.

Skagabyggð:

- Lægsta skuldahlutfallið er hjá Skagabyggð eða 7,2%.


Skagaströnd:

- Skuldahlutfall Skagastrandar er 91,2% sem er vel innan viðmiðunarmarka.


Sameinað sveitarfélag í samanburði við önnur:

- Sameinað sveitarfélag væri með hæsta skuldahlutfallið miðað við samanburðarsveitarfélögin eða 114,7%, Dalvíkurbyggð er með 96,8% og Hornafjörður með 64,9%, sem er allt vel innan viðmiðunarmarka eftirlitsnefndar.

Skuldahlutfall



Skuldahlutfall



Lykiltölur

Skuldir og skuldbindingar í árslok 2012

Blönduósbær:

- Langtímaskuldir og skuldbindingar eru stærsti hluti skulda hjá Blönduósbæ eða sem nemur 87,1% af heildarskuldum og skuldbindingum sveitarfélagsins.

Húnavatnshreppur:

- Engar langtímaskuldbindingar hvíla á sveitarfélaginu og er um helmingur heildarskulda í formi langtímaskulda, þ.e. til eins árs eða lengur.

Skagabyggð:

- Sveitarfélagið er einungis með daglegar rekstrarskuldir.


Skagaströnd:

- Stærstur hluti skulda og skuldbindinga Skagastrandar er í formi langtímaskulda og skuldbindinga eða sem nemur 77,2% af heildarskuldum og skuldbindingum þess og eru einkum vegna félagslegra íbúða og bera mjög lága vexti eða um 1,4%.


Sameinað sveitarfélag í samanburði við önnur:

- Sameinað sveitarfélag var með með eigið fé pr. íbúa að fjárhæð 1,1 millj. kr., en einnig eru skuldir pr. íbúa hæstar hjá því eða sem nemur 950 þús. pr. íbúa, en 845 þús. kr. pr. íbúa á Dalvík og 566 þús. kr. pr. íbúa á Hornafirði.

Eigið fé og skuldir pr. íbúa



Eigið fé og skuldir pr. íbúa



Lykiltölur

Veltufé frá rekstri í árslok 2012

Blönduósbær:

- Veltufé frá rekstri er 10,3% í A og B hluta af rekstrartekjum hjá Blönduósbæ sem dugar tæplega fyrir næsta árs afborgunum lána samkvæmt efnahagsreikningi, sem nema um 11,1%.

Húnavatnshreppur:

- Í Húnavatnshreppi er veltufé frá rekstri í A og B hluta 7,0% af rekstrartekjum sem dugar fyrir næsta árs afborgunum sem nema um 4,7% af heildartekjum. Svigrúm til fjárfestinga og annarra liða nemur því um 2,3% af heildartekjum eða 7,4 millj. á ári.

Skagabyggð:

- Veltufé frá rekstri í Skagabyggð nemur 8,3% eða sem nemur 5,4 millj. á ári sem getur farið í fjárfestingar og aðra liði.


Skagaströnd:

- Á Skagaströnd er veltufé frá rekstri 15,4% af rekstrartekjum sem er það hæsta hjá sveitarfélögunum fjórum. Dugar það veltufé vel fyrir næsta árs afborgunum sem nema um 2,3% af rekstrartekjum og er því svigrúm til fjárfestinga og annarra liða sem nemur 13,1% eða 65,2 millj. kr.


Sameinað sveitarfélag í samanburði við önnur:

- Sameinað sveitarfélag miðað við árið 2012 væri með lágsta veltufé frá rekstri miðað við viðmiðunarsveitarfélögin tvö eða 11,2%.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli við heildartekjur



Veltufé frá rekstri í hlutfalli við heildartekjur





cutting through complexity™

© 2013 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative (“KPMG International”), svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn, kennimark og “cutting through complexity” eru skráð vörumerki KPMG International Cooperative (“KPMG International”).